

Markaðssetning hárlita – gátlisti

Hárlitir skulu uppfylla eftirtalin skilyrði*:

- Merkja skal umbúðir snyrtivara eins og sýnt er á myndinni hér fyrir neðan. Notkunarskilyrði og varnarorð skulu vera á íslensku.
- Efni í II. viðauka** er bannað að nota í hárliti.
- Efni í III. viðauka** er leyfilegt að nota í hárliti með takmörkunum og skilyrðum.
- Ábyrgðaraðili skal vera fyrir hverri snyrtivöru. Ábyrgðaraðili og dreifingaraðili skulu hafa undir höndum vöruupplýsingaskjal og öryggismat fyrir hverja vöru.
- Ef upp koma alvarleg, óæskileg áhrif hárlita skal ábyrgðaraðili og dreifingaraðili án tafar tilkynna um það til Umhverfisstofnunar.

Merking umbúða snyrtivara



Viðvörðunarkerking vegna efna sem geta verið ofnæmisaldandi



Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ (e. *temporary black henna tattoo*) getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið:

- ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð,
- ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun,
- ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“.

*sbr. reglugerð nr. 577/2013 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

**reglugerð (EB) nr. 1223/2009.